

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 21. nóvember 2013

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 144. mál á 143. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, með síðari breytingum (leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir).**

Velferðarnefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 7. nóvember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði er varða leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu Tryggingastofnunar ríkisins og skerpir á eftirlitshlutverki stofnunarinnar. LL telja ákvæði þessi af hinu góða enda er mikilvægt að réttarstaða aðila sé skýr og að stofnunin ræki leiðbeiningarskyldu sína gagnavart almenningi. Jafnframt er afar mikilvægt að stofnunin hafi viðeigandi heimildir til að geta dregið úr bótaþvikum. Hér kann að vera gengið langt út frá sjónarmiðum er varða persónuvernd en fram kemur að frumvarpið hafi tekið breytingum frá upphafi og leitað hafi verið álits Persónuverndar um slík sjónarmið.

LL vilja vekja sérstaka athygli á því að í lögum um almannatryggingar er bráðabirgðaákvæði um að greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar lækki ekki á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum. Sambærilegt bráðabirgðaákvæði er í lögum um skyldutryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 þar sem örorkulífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum eiga ekki að lækka vegna hækkana á greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Ákvæði þessi falla að óbreyttu niður um næstu áramót og vilja LL vekja athygli á mikilvægi þess að taka upp viðræður um framtíðarlausn er viðkemur víxlverkun greiðslna milli almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar.

Virðingarfallst  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri